

**Sþ.** **356. Tillaga til þingsályktunar** [192. mál]  
um lífeyrisréttindi sjómanna.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson, Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga, er tryggi sjómönnum, er skráðir hafa verið á íslensk skip í tiltekinn árafjölda, full lífeyrisréttindi við 60 ára aldur.

**Greinargerð.**

Fátt mun íslensku efnahagslífi nauðsynlegra en að ávallt sé nægilegt framboð af fólki til að stunda sjó og vinna sjávarstörf.

Á undanförunum árum og áratugum hefur oft verið minnt á sérstöðu sjómanna í íslensku athafnalífi, langvarandi fjarveru þeirra frá heimilum sínum, óreglulegan vinnutíma og þá ekki sízt öryggisleysi um störf í landi, þegar aldur og þreyta færast yfir.

Þrátt fyrir stórstígar framfarir í öllum aðbúnaði um borð í skipunum sjálfum má við hver vertíðaskipti hjá veiðiflotanum heyra látlausar auglýsingar eftir sjómönnum, og munu þess ófá dæmi, að skip hefji veiðar, án þess að fullmannað hafi verið.

Það er því eðlilegt, að leitað verði eftir þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru, til að gera sjómannsstörf eftirsóknarverðari en þau eru í dag. Hin gleðilega endurnýjun alls fiskveiðiflota landsmanna á síðustu árum og áratug hlýtur einnig að kalla á fleiri sjómenn til starfa.

Til þess að hvetja menn til starfa á sjó þarf áreiðanlega margt til að koma, og ekkert eitt atriði mun ráða úrslitum um, hvort menn velja sér lífsstarf á þeim vettvangi.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér er flutt, snertir aðeins einn þátt þessa vandamáls, þ. e. fjárhagslega tryggingu elliáranna.

Ekki verður efazt um það, að sjómannsstarfið er eitt af líkamlega erfiðustu störfum, sem unnin eru í þjóðfélaginu, þrátt fyrir tilkomu tækninýjunga, sem létt hafa að nokkru störfin hin síðustu ár. Eftir að starfsþrek tekur að minnka, hafa sjómenn nánast enga möguleika á framhaldandi störfum til sjós. Öll rök hníga þess vegna að því, að sjómenn fái full lífeyrisréttindi fyrr en þeir, sem vinna við aðrar starfsgreinar.